



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health



FÉLAG ÍSLENSKRA
SJÓNTÆKJAFRÆÐINGA

FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr 41/2007, 6. grein

Sjöntækjafræðingar

Flokkur heilbrigðisþjónustu	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna
Tegund þjónustu	Sjónskoðun. Sjálfstætt starfandi sjöntækjafræðingar starfa á eigin stofum eða veita þjónustu í heimahúsum, fyrirtækjum og stofnunum. Sjónskoðun felur í sér: Skoðun, sjónmælingu, ráðgjöf, smíði sjónhjálpartækja og ávísun á sjónhjálpartæki
Samskipti við sjúklinga	Sjöntækjafræðingar starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, reglugerð nr. 1129/2012 um menntun, réttindi og skyldur sjöntækjafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997. Sjöntækjafræðingar sýna skjólstæðingum sínum virðingu og trúnað og ber að upplýsa skjólstæðinga sína um réttindi þeirra og gæta þagnarskyldu.
Skráning	Sjöntækjafræðingar skulu færa sjúkraskrá samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009, lágmarkskröfum landlæknis og fylgja lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Varðveisla sjúkragagna hvort sem er á rafrænu formi eða á pappírformi og eyðing þeirra skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis.
Símenntun	Sjöntækjafræðingum ber að halda við faglegri þekkingu og færni, m.a. með því að sækja framhaldsmenntunarnámskeið, faglega fundi og ráðstefnur.
Mönnun	Sjöntækjafræðingum er frjálst að ráða til sín starfsfólk til aðstoðar sem skal vera menntað í samræmi við það starf sem því er ætlað. Skal starfsfólk hlíta sömu kröfum um umgengni við skjólstæðinga og sjöntækjafræðingar gera og gæta þagnarskyldu.

	Allt aðstoðarfólk starfar á ábyrgð viðkomandi sjóntækjafræðings nema sérlæg kveði á um annað.	
Húsnæði	Sjóntækjafræðingar skulu hafa aðgang að góðri aðstöðu fyrir viðtöl við skjólstæðinga sína sem uppfyllir skilyrði um trúnað. Um getur verið að ræða skrifstofu eða heimahús.	
Búnaður og tækjakostur	Fyrir sjónskoðun: <ul style="list-style-type: none"> • Sjónmælingarkassi • Prufugler • Prufugleraugu • Lestafla • Retinoscope • Ophthalmoscope Við snertilinsumátun <ul style="list-style-type: none"> • Raufarlampi • Keratometer • hreinlætisaðstaða 	
Gæðavísar	Æskilegt er að sjálfstætt starfandi sjóntækjafræðingar leggi reglulegt mat á gæði þjónustunnar sem þeir veita, t.d. með þjónustukönnunum eða notkun á öðrum gæðavísam.	
Gildistími	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.	
Útgefið	<i>Staður</i> <i>Reykjavík</i>	<i>Dags. 13. maí 2014</i>
<i>Undirskrift landlæknis</i>	Geir Gunnlaugsson	<i>Undirskrift f.h.</i> <i>Félags íslenskra sjóntækjafræðinga</i> Darri Ásbjörnsson
<p><i>Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embætti landlæknis.</i></p> <p><i>Þær eru unnar í samvinnu við Félag íslenskra sjóntækjafræðinga</i></p>		